

# Skólinn á að þjóna samfélaginu og samfélagið skólanum

Það er öruggt að í foreldrum felst gríðarlegur auður sem hægt er að nýta innan skólans meira en gert hefur verið. Þá erum við ekki að tala um peninga heldur þekkingu og reynslu sem hægt er að miðla af.

## Nokkrar tillögur frá foreldrum

- ✓ “Ég vil gjarna spila undir á hljóðfæri á jólaskemmtuninni”.
- ✓ “Ég er matvælafræðingur og get komið og frætt ykkur um gildi næringar”.
- ✓ “Ég stunda íþróttir og væri til í að kynna t.d. krakkablak”.
- ✓ “Ég væri til í að baka köku og/eða aðstoða við næstu skólaskemmtun”.
- ✓ “Þar sem ég vinn á vinnumiðlunarskrifstofunni þá get ég auðveldlega útvegað starfskynningar fyrir nemendur í 9. og 10. bekk”.
- ✓ “Ég hef sambönd við Viðeyjarferjuna og get auðveldlega komið í kring skoðunarferð með bátnum”.
- ✓ “Ég er í Þjóðdansafélaginu og vil gjarna koma í leikfimitíma og sýna og kenna nokkur spor”.



## Fleiri auðlindir sem hægt er að nýta:

- ✓ Tónlistarmaður getur komið í tónmennt og talað um hljóðfærið sem hann spilar á,
- ✓ Rithöfundur eða blaðamaður getur fært líf í íslenskutímana.
- ✓ Listmálari eða keramikhönnuður getur verið með sýnikennslu í myndmennt.
- ✓ Tölvufræðingar sýna nemendum möguleikana í tölvunotkun.
- ✓ Foreldrar sem tala erlend tungumál geta “sýnt listir sínar” í tungumálatímum.
- ✓ Nýbúar geta sagt frá landi sínu og þjóð, einnig framreitt mat frá sínu heimalandi.
- ✓ Vinnustaðir sumra foreldra geta verið í stakk búnir til að taka við bekknum í vettvangsferð
- ✓ Foreldrar eiga e.t.v. skemmtileg áhugamál sem þau eru tilbúin til að kynna.
- ✓ Ljósmyndari getur tekið bekkjarmyndirnar
- ✓ Rútbílstjóri getur ekið börnunum í vettvangsferðir